


26. júní 2015

Vísitala neysluverðs hækkar um 0,26% í júní

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,26% í júní en greiningaraðilar spáðu hækkun á bilinu 0,3% til 0,4%. Ársverðbólgan mælist því 1,5% um þessar mundir en árshækkun kjarnavísitölu 1 nemur 1,8%. Fram að þessu hefur hækkandi húsnæðisverð verið fyrirferðamesti undirliðurinn í ársverðbólgunni en á næstu mánuðum má áætla að hækkun á innlendum neysluvörum auki frekar verðbólguþrýstinginn. Nýverið birtu Neytendasamtökin lista yfir verðhækkanir birgja á vörum sínum í heildsölu og er ástæða þeirra hækkana að hluta til nýgerðir kjarasamningar. Matarkarfan hækkaði þó ekki í júní mælingunni en búast má við að matur og drykkjarvörur hækki í verði á næstu mánuðum. Hækkun verðlags í júní skýrist aðallega af ferðaliðnum (+0,14% áhrif á VNV), hótélum og veitingastaðum (+0,10% áhrif á VNV) og fötum og skóm (+0,07% áhrif á VNV).



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði helst óbreytt og gerum við ráð fyrir að verðlag lækki um 0,2% í júní í kringum sumarútsölu en hækki svo um 0,4% í ágúst og september og mun ársverðbólgan þá standa í 2,2%.

Helstu atriði í júní mælingunni:

- Flugfargjöld hækka ásamt eldsneyti.** Ferðaliðurinn hafði í heild sinni +0,14% áhrif til hækkunar á VNV. Flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 2,35% (+0,03% áhrif á VNV) en flugfargjöld innanlands hækkuðu um 26,64% (+0,04% áhrif á VNV). Þá hækkaði einnig eldsneyti um 1,55%. (+0,06% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: +0,14%**
- Hótel og veitingastaðir hækkuðu umfram spár.** Hótel og veitingastaðir hækkuðu um 1,85% í júní og er það heldur meira en við gerðum ráð fyrir í okkar spá. Veitingar hækkuðu um 1,09% (+0,05% áhrif á VNV) og gisting hækkaði um 11,77% (+0,04% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: +0,10%**
- Húsnæðisliðurinn lækkar.** Húsnæðisliðurinn hafði 0,02% áhrif til lækkunar á VNV. Enn er ekki búið að vinna að fullu úr þinglýsingu kaupsamninga vegna nýafstaðins verkfalls og hefur það því enn áhrif á mælingu húsnæðisverðs. Úrvinnsla þinglýsinga mun koma inn í vísitöluna næstu mánuði en reiknuð húsaleiga byggir á þriggja mánaða meðaltali þinglýstra kaupsamninga. Greidd húsaleiga lækkaði um 0,25% (-0,01% áhrif á VNV) en reiknuð húsaleiga lækkaði um 0,03% og hafði minni háttar áhrif á VNV. **Áhrif á VNV: -0,02%**

- **Föt og skór hækka í verði.** Föt og skór hækka um 1,64% (+0,07% áhrif á VNV) og er það hækkan annan mánuðinn í röð. Hafa þarf þó í huga að föt og skór hafa lítið sem ekkert hækkað undanfarin ár og stendur verðlagið nú á svipuðum slóðum og í júní árið 2012. Verðbreytingar á fötum og skóm hafa því að mestu verið árstíðarbundnar sveiflur undanfarin þrjú ár. **Áhrif á VNV: +0,07%.**
- **Aðrir liðir lækka.** Minni breyting er á öðrum liðum en helst má nefna að póstur og sími lækkar um 0,93% (-0,03% áhrif á VNV) og heilsuliðurinn lækkar lítillega. **Áhrif á VNV: -0,03%.**


Aukinn launakostnaður endurspeglast í verðhækkunum á innlendum neysluvörum

Líklegt er að aukinn launakostnaður í kjölfar nýgerðra kjarasamninga muni skila sér í hærra verðlagi á innlendum neysluvörum næstu mánuði. Neytendasamtökin birtu lista yfir verðhækkanir birgja og kemur þar fram 2% til 4% hækkan á vörum eins og kjötvörum, sælgæti og grænmeti svo eitthvað sé nefnt. Sumar vörur hækka þó meira. Það er því líklegt að matarkarfan haldi áfram að hækka næstu mánuði sem og aðrar innlendar neysluvörur. Litlar breytingar eru gerðar á bráðabirgðaspá okkar að sinni fyrir næstu mánuði en frekar eru líkur á að spáin verði færð upp á við á næstunni frekar en niður á við.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Júlí -0,2%.** Sumarútsölnar hefjast þar sem föt og skór lækka helst í mánuðinum. Á móti er áætlað að húsnæði hækki ásamt ferðaliðnum.
- **Ágúst +0,4%.** Útsöluáhrifin ganga til baka og hafa áhrif til hækkunar en á móti vegur lækkun á ferðaliðnum.
- **September +0,4%.** Sumarútsölur halda áfram að ganga til baka en hækkan verður á matvöru og öðrum innlendum neysluvörum.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson, ábm.
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

[Hér má finna fyrirvara](#)